

**L Ö G****65**

23. júní

um sérstaka dómþinghá í Djúpárhreppi í Rangárvallasýslu.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Djúpárhreppur í Rangárvallasýslu skal vera sérstök dómþinghá, með þingstað í Þykkvabæ.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

**L Ö G****66**

23. júní

um eyðing svartbaks (veiðibjöllu).

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Hvervetna skal svartbakur (veiðibjalla) réttdræpur.

## 2. gr.

Heimilt er sýslunefndum eða bæjarstjórnnum að gera samþykktir, er atvinnumálaráðherra staðfestir, um eyðingu svartbaks, og skal þeim skylt að gera það, ef 5 eða fleiri æðarvarpseigendur eða leigutakar æðarvarpslanda, búsettir innan sýslunnar eða í kaupstaðnum, krefjast þess, og skal samþykkt gerð innan árs frá því er krafa hefir fram komið, og sendir þá sýslumaður samþykktina atvinnumálaráðherra til staðfestingar og löggildingar.